




# Samantekt af samráðsfundum

Lýsing Landsskipulagsstefnu 2015-2026

Mars 2014



## Inngangur

Skipulagsstofnun auglýsti lýsingu fyrir gerð Landsskipulagsstefnu 2015-2026 í febrúar 2014, en þar er gerð grein fyrir því hvernig fyrirhugað er að standa að mótun landsskipulagsstefnu. Lýsingin var jafnframt kynnt á kynningar- og samráðsfundum á eftirtöldum stöðum:

- Reykjavík 25. febrúar í Iðnó.
- Borgarnesi 27. febrúar í Símenntunarmiðstöðinni á Vesturlandi.
- Selfossi 28. febrúar á Hótel Selfossi.
- Egilsstöðum 3. mars á Hótel Héraði.
- Ísafirði 4. mars á Háskólasetri Vestfjarða
- Akureyri 5. mars á Hótel KEA.

Markmið með fundunum var annars vegar að kynna lýsinguna og hins vegar að fá fram ábendingar og hugmyndir um áherslur landsskipulagsstefnu.

### Fyrirkomulag funda

Kynningar- og samráðsfundirnir voru tvískiptir þar sem fyrri hlutinn var helgaður kynningu á lýsingunni. Að því loknu var samráðsfundur eða vinnusmiðja þar sem unnið var með viðfangsefni Landsskipulagsstefnu 2015-2026. Þátttakendur unnu í 5 til 9 manna hópum við að setja fram á korti hugmyndir sínar um viðfangsefni landsskipulagsstefnu. Þátttakendur settu hugmyndir sínar fram undir fjórum málaflokkum:

- Byggð og samfélag
- Umhverfi og náttúra
- Atvinna og orka
- Samgöngur og fjarskipti

Í hverjum hópi var einn fulltrúi frá Skipulagsstofnun sem aðstoðaði þátttakendur af stað og tók saman umræður og hugmyndir í lokin.

Þátttakendur byrjuðu á því að vinna hver og einn eða fleiri saman að því að færa sínar hugmyndir inn á kort og skrifa þar inn sínar skýringar, prinsipp, valkosti eða markmið í tengslum við framgreinda málaflokka. Þegar sú vinna var komin vel af stað, skiptust hópmeðlimir á hugmyndum og hópstjóri safnaði saman og skráði hjá sér helstu atriði sem komið höfðu fram í hópnum. Að lokum gáfu hópstjórar fundarmönnum stutta kynningu á þeim hugmyndum og ábendingum sem komu fram í hverjum hópi.

Alls mættu um 160 manns á fundina. Afraksturinn eru 97 kort og efnislegar ábendingar og tillögur sem nýttar verða við áframhaldandi vinnu við landsskipulagsstefnu. Greinargerð með samantekt umræðna á fundunum er kynnt á vef landsskipulagsstefnu og send samráðsvettvangi, en kortum er eingöngu dreift til faghópa Skipulagsstofnunar og ráðgjafarnefndar.

Þessi greinargerð er samantekt á helstu hugmyndum og ábendingum sem komu fram á samráðsfundunum og byggir á á þeim punktum sem hópstjórar tóku saman. Til hægðarauka eru punktarnir dregnir saman og einfaldaðir með það fyrir augum að draga fram helstu atriði sem komu fram. Hér er ekki um að ræða fundargerð fyrir umrædda fundi. Umræðupunktarnir eru flokkaðir í fyrrgreinda málaflokka, byggð og samfélag, umhverfi og náttúra, atvinnu og orku og samgöngur og fjarskipti. Punktarnir eru einnig eftir því sem unnt er tengdir við viðfangsefni Landsskipulagsstefnu 2015-2026 en þau eru skipulag miðhálandis, búsetumynstur og dreifing byggðar, skipulag haf- og strandsvæða og skipulag landnotkunar í dreifbýli.

## Byggð og samfélag

### ALMENNAR HUGMYNDR OG ÁBENDINGAR

- Landsskipulagsstefna á að vera varfærin og stuðla að sjálfbærni og að í skipulagsmálum verði tekið tillit til framtíðarmöguleika samfélaga og byggða.
- Samræma þarf áætlanir ríkisins í Landsskipulagsstefnu t.d. rammaáætlun, kerfisáætlun, náttúruverndarlög/áætlanir o.s.frv. Landskipulagsstefna þarf að vera leiðandi en um leið sveigjanleg þannig að sveitarfélögin geti markað sér sína sérstöðu innan þess. Líka þarf að horfa til staðbundinna aðstæðna í skipulagi.
- Stefna ætti að því að skilgreina svæði (tvö eða fleiri sveitarfélög) þar sem ætti að gera svæðisskipulag.
- Mannlíf og náttúra getur farið saman en ekki má skemma og menga umhverfið.

### SKIPULAG Á MIÐHÁLENDI ÍSLANDS

#### Skipulagsgerð sveitarfélaga á miðhálandinu

- Sveitarfélög hafi ekki ein skipulagsvald og ákvarðanatökurétt um auðlindir hálendisins og því þarf sterkt landsskipulag.
- Skipulag á hálendinu verði á forræði sveitarfélaganna.
- Tryggja á að sveitarfélög hafi skipulagsvald í friðlöndum en þó ber að hafa samræmi á landsvísu svo sem um takmarkanir á nýtingu.
- Öflugri tenging milli sveitarfélaga og þjóðgarða.

#### Uppbygging á miðhálandinu

- Setja nákvæmar reglur um uppbyggingu á hálendinu.
- Mannvirki verði í umhverfi þar sem önnur mannvirki eru fyrir og standa vörð um þau svæði sem eru laus við mannvirki.
- Takmarka uppbyggingu mannvirkja á miðhálandinu við mannvirkjabelti, mikilvægt að halda í hugtök svæðisskipulags miðhálendisins svo sem mannvirkjabelti og skálasvæði. Fáir vegir eiga að vera norðan Vatnajökuls.

#### Ferðapjónusta á miðhálandinu

- Marka þarf stefnu um ferðamannastaði, bæði á láglandi og hálendi. Viðhalda ber stefnu svæðisskipulagsins um þjónustustaði á hálendinu. Halda uppbyggingu á miðhálandinu lágstemmdri.
- Jaðarmiðstöðvar byggðar upp við hálendisbrúnina í stað mikillar uppbyggingar á hálendi.
- Ferðapjónusta verði byggð upp utan hálendismarka.

### BÚSETUMYNSTUR OG DREIFING BYGGÐAR

#### Almennt um búsetumynstur og dreifingu byggðar

- Landsskipulagsstefna hvetji svæði til að greina styrkleika sína og sérstöðu svo að fjölbreytt samfélög þrífist vítt og breytt um landið. Það getur mögulega stutt við uppbyggingu atvinnutækifæra í framleiðslu og ferðapjónustu.
- Nauðsynlegt að taka tillit til allra hagsmunaaðila við umfjöllun um byggðamynstur.

### Byggðin í landinu

- Landskipulagsstefnan á að sýna skýrt hvernig uppbyggingu einstakra landsvæða verður háttað svo sem hvernig á að byggja upp innviðina.
- Skilgreina vaxtarþóla byggðarinnar og svæðaskipta landinu til að koma í veg fyrir að hvert sveitarfélag haldi öllu fyrir sig í stað þess að vinna með hinum við að móta eina heild (kannski þarf bara að sameina í stærri sveitarfélög). Slík skilgreining er mikilvæg forsenda fyrir svæðis- og aðalskipulag sveitarfélaga.
- Styrkja núverandi byggðakjarna og byggðamynstur þar sem eru atvinnutækifæri, góðar samgöngur og innviðir þ.e. lífvænlegar samfélagsheildir.
- Styðja við brothættari byggðir og draga úr fólksflutningi til höfuðborgarsvæðisins.
- Endurmeta þarf byggðastefnuna m.a. með hliðsjón af því hvaða byggðum er hagkvæmt að viðhalda.
- Tryggja tilvist (sjálfbærni) samfélaga, sér í lagi gagnvart ásókn ferðapjónustu og vegna hagræðingar.
- Sameina sveitarfélög til að fækka þeim, til dæmis að samaneina sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu í eitt sveitarfélag.

### Þjónusta

- Þéttbýli og dreifbýli styðja hvort við annað ef grunnþjónusta er til staðar í hverjum byggðakjarna, en fellur annars. Í landsskipulagsstefnu ætti því ekki að gera mikinn greinarmun á þéttbýli og dreifbýli heldur að horfa á landið í heild, enda er þróun þéttbýlis og dreifbýlis samtvinnað.
- Styrkja ákveðna byggðakjarna um landið og byggja þar upp þjónustu svo ekki þurfi að sækja alla þjónustu á

höfuðborgarsvæðið. Kjarnarnir gætu til dæmis verið Ísafjörður, Akureyri, Egilsstaðir, Akranes og Selfoss. Vinna þarf svæðisskipulag fyrir svæðin í kringum slíka kjarna. Styrkja þarf samgöngur út frá þessum stöðum til minni byggða á svæðinu.

- Skilgreina þjónustupörf byggðar með tilliti til lágmarks fjarlægðar frá megin byggðakjörnum (fjarlægð mismunandi eftir eðli þjónustu). Hvar á heilbrigðisþjónusta að vera, skólar og önnur samfélagsþjónusta?
- Gæta þess að ekki verði dregið úr grunnþjónustu minni byggðakjarna með aðgerðum stjórnvalda, með því er verið að kippa fótum undan þeim sem þar búa og eiga eignir.

### Skipulag í þéttbýli

- Landsskipulagsstefna skilgreini gæði byggðar í dreifbýli og þéttbýli. Hvað er gott skipulag í sveit/bæ/borg og að hverju þarf að huga til þess að skapa gott umhverfi, stuðla að góðri lýðheilsu og búsetumöguleikum?
- Setja viðmið fyrir skipulag þéttbýlis, s.s. hlutfalls á milli malbiks og grænna svæða, taka mið af veðurfari við skipulag og hönnun bygginga.
- Horfið verði frá útpenslu byggðar, þetta byggð og draga úr bílastefnu.
- Þetta á byggð á höfuðborgarsvæðinu áður en okkur hættir að fjölga, sólrík svæði og sjálfbærar samgöngur. Stuðla að sjálfbærni með því að raska ekki svæðum að óþörfu.
- Þetta byggð á landsbyggðinni, dreifing þéttbýlis og ofvöxtur byggðar er óhagstæður fyrir sveitarfélög. Taka þarf mið af og nýta aðstæður hverju sinni og setja staðbundin ákvæði.

- Greina þarf núverandi byggðamynstur frá sögulegu sjónarhorni. Hver hefur þróun byggðar og byggðamynsturs verið? Hvað er einkennandi? Stefnan þarf að byggja á þessari greiningu.
- Skoða staðsetningu iðnaðarsvæða í jaðri íbúðabyggðar, staðsetja iðnaðarsvæði þannig að þau taki ekki á móti fólki þegar það kemur inn í bæinn.
- Vernda grænt umhverfi höfuðborgarsvæðisins og draga skýr mörk milli byggðar og umhverfisins.
- Vinna út frá hættumati vatns- og sjávarflóða í skiplagi, byggð og mannvirki skipulögð á grundvelli þess. Meðal annars m.t.t. loftslagsbreytinga.
- Ekki á að setja fram stefnu um hvernig skipulag í þéttbýli á að vera.

#### Búsetugæði

- Skilgreina viðmið um búsetugæði (lágmarkskröfur) mismunandi svæða/byggðarlaga. Hvaða þættir mynda búsetugæði og hvort þeir geta verið staðgönguvara fyrir hvern annan, þ.e. styrkleiki og fjarfesting eins þáttar geti vegið upp að aðrir þættir séu ekki eins öflugir.

#### Húsnæðismál

- Tryggja öllum húsnæði á viðráðanlegu verði.

#### Samgöngur

- Efla vegatengingar milli þéttbýlisstaða á landinu til dæmis með veggöngum og tryggja góðar samgöngur milli kjarna og upplands. Dæmi: Sunnan- og norðanverða Vestfirði, milli Norðurlands og Austurlands, tengja byggðirnar sitt hvoru megin Tröllaskaga

(göng undir hábungu Öxnadalsheiðar) og tengja byggðir á Austurlandi saman (veggöng til Seyðisfjarðar).

- Auka fé til vegagerðar, jarðganga, moksturs svo landsbyggðar-búum sé mögulegt að lifa þar og starfa.
- Efla almenningssamgöngur og skilgreina innanlandsflug sem almenningssamgöngur.
- Auka hjólreiðamöguleika innan byggða og milli byggðakjarna.

### SKIPULAG HAF- OG STRANDSVÆÐA

#### Skipulagsgerð á haf- og strandsvæðum

- Sett verði fram heildstæð sýn um skipulagsmál hafsins.
- Haf- og strandsvæðaskipulag verði unnið fyrir allt hafsvæði Íslands en nánara skipulag fyrir ákveðin svæði eins og á Vestfjörðum, Austfjörðum, Breiðafirði, Eyjafirði og Hvalfirði.

#### Aðkoma sveitarfélaga að haf- og strandsvæðaskipulagi

- Vinna þarf skipulag fyrir haf- og strandsvæði í samvinnu við sveitarfélögin.
- Mikilvægt að horfa til sjónarmiða og hagsmuna heimamanna varðandi haf- og strandsvæðaskipulag. Sveitarfélög eru rétt að hefja umræður og vinnu við þetta og „samtal“ við íbúa og aðra hagsmunaaðila á eftir að fara fram. Stefnan má því ekki vera of ítarleg þannig að hún gangi gegn hagsmunum þeirra sem lifa og starfa við haf- og strandsvæðin. Áætlunin verður nákvæmari með tímanum.
- Sveitarfélög þurfa að hafa áhrif á notkun á haf- og strandsvæðum út fyrir 115 m frá strandlínu.

- Skipulagslögsaga sveitarfélaga nái samfelld til hafssvæða milli lands og eyja eins og til dæmis á Breiðafirði.
- Finna þarf leið til þess að sveitarfélög hafi eðlileg áhrif á starfsemi á grunnsævi og inni á fjörðum, utan netlaga.
- Mörk sveitarfélaga verði víkkuð út um eina til þrjár sjómílu.
- Færa út mörk sveitarfélaga til hafsins þannig að skipulagsvald sveitarfélaganna færast út og nái til allra helstu fjarða og flóa. Skoða hvort að svæðisskipulag geti verið fyrirmynd í þessum efnum.
- Nota nýtingaráætlun Arnarfjarðar sem fyrirmynd við strandsvæðaskipulag.

#### Aðgengi og nýting haf- og strandsvæða

- Ríki og sveitarfélög virði netlög og útræðisrétt landeigenda (fjarlægðarregla 115 m, dýptarregla ca. 7 m miðað við stórstraumsfjöru).
- Tryggja greitt aðgengi almennings að strand- og hafsvæðum.

### SKIPULAG LANDNOTKUNAR Í DREIFBÝLI

#### Skipulagsgerð í dreifbýli

- Mikilvægt að huga að myrkurgæðum í skipulagi.
- Verðfella ekki eignarlönd með skipulagi.
- Ekki of strangar kvaðir sem hamla uppbyggingu á lögbýlum.

#### Uppbygging og búseta í dreifbýli

- Stýra betur byggðaþróun í dreifbýli og efla heildarsýn yfir landnotkun og uppbyggingu. Gera svæðisskipulagi hærra undir höfði þar sem mikil þörf er á að samræma skipulag milli sveitarfélaga.
- Leyfa stök íbúðarhús í dreifbýli meðfram ákveðnum samgönguásum en ekki annars staðar.
- Búgarðabyggð verði valmöguleiki í dreifbýli en í hámarksfjarlægð frá safnvegum vegna þjónustu við svæðið.
- Byggðakjarnar skýrir, þ.e. skýr mörk byggðar og dreifbýli.
- Finna þarf jafnvægi mannlífs og náttúru. Menn hafi frjálst val um hvar búið er um allt land, en ekki einungis byggð þar sem hagkvæmt er. Skipulag landnotkunar þarf því að taka mið af sátt milli hins náttúrulega og manngerða umhverfis.
- Tryggja búsetu í dreifbýli allan ársins hring s.s. með öflugum fjarskiptaneti, háhraðanettengingu, aðgengi að grunnþjónustu, grunnskóla, leikskóla, lækniþjónustu og framhaldsskóla innan 50 km radíus frá heimili.
- Varast skal að jarðir verði seldar í stórum stíl til frístundabyggðar og koma þannig í veg fyrir að í sveitum verði mest af fólki sem býr þar einungis yfir sumarið.

#### Landbúnaðarland

- Vernda þarf gott landbúnaðarland til matvælaframleiðslu, sérstaklega nærri mörkuðum (þéttbýli). Í landsskipulagsstefnu þarf að setja leiðbeiningar um nýtingu landbúnaðarlands og í aðalskipulagi ætti að setja fram kröfur um þarfagreiningu ef til stendur að raska slíkum svæðum.
- Virða og nýta afrétti skynsamlega í sátt við landeigendur.

### Frístundabyggð

- Takmarka útpenslu frístundbyggða, staðsetja á jaðarsvæðum og gæta að því að frístundabyggð sé ekki á verðmætum svæðum þar sem eru til dæmis náttúruminjar eða birkiskógar. Setja stefnu um minni frístundahús og minni lúxus á þessum svæðum þannig að einfaldara verði að endurheimta svæði. Frístundabyggð út úr þjóðgörðum.
- Öflug frístundabyggð eflir sveitarfélagið.
- Gera hættumat í sumarhúsabyggðum vegna gróður- og skógarelda.
- Hámarkslíftíma á deiliskipulagi frístundasvæða ef ekki byggt innan tímamarka.
- Lögheimilisprinsippin gildi, ekki íbúðarbyggð á frístundahúsa-svæðum.

### Ferðapjónusta

- Ná utan um uppbyggingu í ferðamannaiðnaðinum og horfa til langtímahagsmuna í uppbyggingu ferðapjónustu, þannig að þótt forsendur breytist verði hægt að nýta fjárfestinguna og mannvirkin til annars, þ.e. að sveitir verði ekki fullar af tómunum gistihúsum. Getur þýtt að gistiheimili skuli byggja í /við þéttbýli svo hægt sé að breyta þeim í íbúðir eða annað síðar. Kröfur um gæði frekar en magn.

## Umhverfi og náttúra

### ALMENNAR ÁBENDINGAR OG HUGMYNDIR

- Landskipulagsstefna þarf að tryggja vægi náttúrunnar og aðgengi að henni.
- Landskipulagsstefna þarf að setja fram hugmyndir um hvernig menn hugsa til náttúrunnar þá með tilliti til uppgræðslu, skógræktar, nýrra tegunda, foks auk breytinga á vatnasviðum vegna þiðnunar jökla.
- Mannlíf og náttúra getur farið saman.
- Taka aukið tillit til náttúruverndarsvæða og svæða sem einkennast af sérstöku landslagi við skipulagsgerð.
- Fjölmörg tækifæri tengjast náttúruvernd í víðri merkingu þess orðs, ekki síst þar sem ferðaþjónusta byggir mikið á því aðdráttarafli sem náttúra landsins býr yfir.
- Efla þarf grunnþekkingu um náttúru landsins s.s. klára kortlagningu vistgerða og kortleggja allar náttúruauðlindir landsins og hafsins.
- Kortleggja og greina svæði sem heyra undir 37. gr. náttúruverndarlaga og skilgreina hvaða svæði þarf að vernda sérstaklega. Til dæmis að flokka tegundir hrauns. Sama þarf að gera við náttúrulega birkiskóga.
- Við skipulagsgerð verði tekið aukið tillit til gróðurs- og jarðvegsverndar og vistkerfi endurheimt.
- Virða eignarétt á landi, eigendur eru jafnvel betur til þess fallnir að gæta náttúrunnar en ríkið.

### SKIPULAG Á MIÐHÁLENDI ÍSLANDS

#### Þjóðgarðar á miðhálandinu

- Á hálandinu verði þrír stórir þjóðgarðar í kringum jöklana.
- Skipulag miðhálandis ætti að taka á dagskrá möguleika á stofnun eins þjóðgarðs sem tæki til alls hálandisins.
- Móta markvissari stefnu um þjóðgarða, hvaða svæði er nauðsynlegt að standa vörð um með því að stofna þjóðgarð.
- Stækka verndarsvæði miðhálandisins. Ein stór verndarheild þar sem Vatnajökulsþjóðgarður og svæðið kringum Hofsjökul verði gert að einu verndarsvæði.
- Stórir þjóðgarðar hefta aðgengi að hálandinu.

#### Náttúru- og landslagsvernd á miðhálandinu

- Skilgreina svæði á miðhálandinu þar sem ásýnd verði óbreytt miðað við núverandi aðstæður (engin mannvirkjagerð).
- Vernda ósnortin víðerni á miðhálandinu.
- Hálandi Íslands er mjög mikilvægt í alþjóðlegu samhengi og því þarf að vernda það sem eina heild.
- Vernda miðhálandið sem eina heild.
- Friðlýsa svæði þar sem hvorki eru mannvirki eða manngerð starfsemi.
- Vernda gróður á hálandinu bæði gangvart framandi tegundum og beit, banna upprekstur búfjár inn á hálandið.
- Tækifæri liggja í endurheimt örfoka lands og votlendis á hálandinu.
- Huga þarf að kyrrlátum svæðum t.d. varðandi þyrflug.



- Standa vörð um náttúru landsins en um leið auðvelða aðgengi ferðamanna að náttúru miðhálandisins.
- Skapa málamiðlun milli nýtingar og verndar þannig að á vesturhálandinu verði meira svigrúm fyrir heilsársumferð og uppbyggingu og ferðamennsku í samræmi við það, m.a. heilsársveg um Kjöl og uppbyggingu ferðaþjónustumannvirkja. Á móti verði verndunar áherslan á austanverðu hálandinu, með stækkun Vatnajökulsþjóðgarðs alla leið norður í Gjástykki, í langstærsta þjóðgarð Evrópu með áherslu á varðveislu víðerna og gönguferðamennsku o.þ.h.
- Gera sambærilegt á Vestfjörðum með verndarsvæði norðan Ísafjarðardjúps-Steingrímsfjarðar og ysta hluta Snæfellsness og Langjökli.

#### Afmörkun miðhálandisins

- Skoða þarf mögulega nýjar forsendur fyrir afmörkun miðhálandisins eins og þau eru skilgreind í svæðisskipulagi miðhálandisins.
- Endurskoða mörk hálandisins og tala frekar um hálandið en miðhálandið og bæta við til dæmis Tröllaskaga og Vestfjörðum.

#### Skipulagsgerð á miðhálandinu

- Hafa stefna um skipulag á miðhálandinu í landsskipulagi misnákvæm eftir því hvort um er að ræða þjóðlendu eða svæði við hálandisbrúnina þar sem sveitarstjórnir hefðu meira frjálsræði í skipulagsmálum.

#### Uppbygging á miðhálandinu

- Landsskipulagsstefna þarf að senda sýr skilaboð um verndun hálandisins og ekki leyfa frekari mannvirkjagerð þar.
- Ekki spilla hálandinu með mannvirkjum, banna frekari virkjanir, uppbyggða vegi og háspennulínur á hálandinu.
- Skilgreina svæði þar sem vindmyllur verði ekki leyfðar, t.d. á svæðum þar sem sýn á fjöll og jökla er auðlind (t.d. við Öraefi).
- Náttúran njóti vafans þegar kemur að virkjanagerð.
- Ekki friða hálandið fyrir háspennulínum og hrekja slíkar framkvæmdir inn á eignarlönd.
- Ekki frekari uppbyggingu á miðhálandinu eða stækkun hálandismiðstöðva, byggja frekar upp þjónustu við hálandisbrúnina þar sem náttúran er víða komin að þolmörkum á hálandinu.
- Takmarka uppbyggingu mannvirkja á miðhálandinu við mannvirkjabelti, mikilvægt að halda í hugtök svæðisskipulags miðhálandisins svo sem mannvirkjabelti og skálasvæði. Fáir vegir eiga að vera norðan Vatnajökuls.

#### Ferðaþjónusta

- Stóraukin ferðamennska á hálandinu er stórmál. Landskipulagsstefnan verður að vera skýr og taka á ferðaþjónustu, náttúruvernd og orkunýtingu á miðhálandinu. Stefnan þarf að vera varkár og byggja á varúðarreglu.
- Landsskipulagsstefna þarf að setja fram stefnu um hvernig takmarka á fjölda ferðamanna á miðhálandinu, að minnsta kosti á tilteknum svæðum. Meta þarf þol ferðamannastaða og flokka eftir því.

## BÚSETUMYNSTUR OG DREIFING BYGGÐAR

- Huga þarf að náttúruvernd og útivistarsvæðum á og við höfuðborgarsvæðið eins og á Reykjanesi og í Hvalfirði.
- Úrgangs- og fráveitumál verði skoðuð fyrir ákveðin svæði í heild og áhersla lögð á að fylgja efir landsáætlun um meðhöndlun úrgangs.
- Hætta landfyllingum, nýta landið sem fyrir er.

## SKIPULAG HAF- OG STRANDSVÆÐA

- Vinna þarf heildstætt skipulag á strandsvæðum, í samvinnu við sveitarfélög, um vernd og nýtingu á grundvelli rannsókna eins og burðarþolsrannsóknir. Taka strax frá mikilvæg náttúrusvæði eins og á suðurfjörðum austanlands Lón/Álftafjörður. Breiðafjörður verði gerður að þjóðgarði (marine park) og Eyjafjörður verndaður.
- Haf- og strandsvæðaskipulag ýti undir fjölbreytni svo að strandsvæði og firðir haldi sérstöðu sinni.
- Vernda þarf ákveðin svæði á haf- og strandsvæðum svo sem kóralasvæði, hrygningar- og uppeldisstöðvar, hverasvæði í sjó og huga þarf að upplifun af haf- og strandsvæðum.
- Huga þarf að ferðamennsku og útivist á strandsvæðum og á sjó og gæta þess að athafnir manna spilli ekki náttúru þessara svæða.
- Efnistöku og aðra nýtingu á sjó þarf að meta með tilliti til umhverfisins og velja þann kost sem minnstum skaða veldur.
- Huga þarf að landbroti vegna ágangs sjávar og vörnum gegn því. Mannvistaleifar hverfa í sjó vegna landbrots.

## SKIPULAG LANDNOTKUNAR Í DREIFBÝLI

### Almennt um skipulag landnotkunar í dreifbýli

- Í landsskipulagsstefnu verði sett skýrari markmið um landnotkun, land verði greint með tilliti til gæða og nýtingarmöguleika þannig að hægt verði að staðsetja iðnað á landi sem er minna verðmætt.
- Mikilvægt að byggja á styrkleikum hvers svæðis, í því felist ákveðin sjálfbærni hugsun.
- Huga þarf að myrkurgæðum í skipulagi og skilgreina svæði sem verða laus við ljósmengun.
- Forðast árekstra milli notendahópa eins og til dæmis hestamennsku og frístundabyggðar.

### Landbúnaður

- Standa vörð um og flokka landbúnaðarland og huga að því hvaða land er lagt undir skógrækt.
- Styrkja hefðbundinn landbúnað og matvælaframleiðslu.
- Skilgreina og afmarka tiltekin beitarsvæði sauðfjár þannig að sauðfé sé afgirt en ekki að aðrir þurfi að girða sig frá sauðfé. Dæmi um möguleg svæði er á norðausturhorninu, á Mýrum, uppsveitum Suðurlands og norðan Langjökuls. Leggja áherslu á suðafjársjúskap á jaðarsvæðum þar sem ástand lands þolir beit.

### Skógrækt og landgræðsla

- Skógrækt verði með skipulögðum hætti eftir skógræktaráætlunum. Leggja áherslu á ræktun nýrra skóga á ákveðnum svæðum svo sem Eyjafirði, Fljótsdalshéraði, Borgarfirði og Bláskógabyggð.

- Í skóg- og trjárækt þarf að forðast há tré við þjóðvegi, að skógrækt taki yfir láglandi, hindri landbúnað og ásýnd fjalla og fossa.
- Takmarka ræktun grenitrjáa og henni beint á afmörkuð svæði.
- Vernda þarf náttúrulega skóga.
- Skoða hvort að það sé alltaf ástæða til að græða upp land með landgræðslu.
- Uppbygging vistkerfa getur skilað beitolöndum til baka.

### Náttúruvernd

- Flýta þarf verndun og endurheimt víðerna.
- Stórar verndarheildir eru mikilvægar og þarf því að stækka og samræma þjóðgarða.
- Greina gæði landslags og gæta þess að rýra ekki verðmætt landslag með framkvæmdum.
- Verja sérstaklega náttúru miðhálandisins, Snæfellsness og Hornstranda (halda veglausum) með friðlandi á Hornströndum og Breiðafirði og þjóðgarði á Látrabjargi og nágrenni. Á þessum svæðum ætti að stuðla að „grænni“ ferðamennsku.
- Geopark á Snæfellsnesi og Mýrum.
- Stór svæði víða á landinu er mikilvæg vegna náttúruvafars eins og Snæfellsnes, Suðvesturland, Þingeyjarsýslur, Norðurland vestra og Vestfirðir. Það þarf að huga að því að spilla ekki þessum svæðum, mannlíf í dreifbýli og náttúra getur farið saman.
- Friðlýsa svæði þar sem hvorki eru mannvirki eða manngerð starfsemi.

- Ekki verði gengið frekar á gæði landsins til þess að selja orku úr landi.
- Votlendi njóti sérstakrar verndar og ekki verði gengið frekar á það.
- Leggja þarf aukna áherslu á verndun vatns, vatnsgæði, neysluvatn og ætti það að vera á hendi ríkisins. Ekki má vera of auðvelt að breyta eða leggja af vatnsverndarsvæði. Grunnvatn er gjaldmiðill framtíðar og ættu að vera hörð viðurlög við brotum á vatnsvernd.
- Hugleiða má að sandauðnir njóti verndar.
- Taka tillit til kyrrlátra staða, sem dæmi útsýnisflug í þyrlum yfir Þingvöllum. Skipulag „loftrýmisins“ vegna þessa.
- Mannvirki verði í umhverfi þar sem önnur mannvirki eru fyrir og standa þarf vörð um þau svæði sem eru laus við mannvirki.
- Marka stefnu um svæði án mengandi stóriðju þar sem lögð væri áhersla á sjálfbærni. Lagt til að slíkt svæði væri á Vestfjörðum (vegna lítillar jarðvegsmengunar) og í Breiðafirði og nágrenni niður að Borgarfirði.
- Halda þarf Vestfjörðum sem mest ósnortnum.
- Hvalfjörður verði samblanda af friðgarði og landbúnaði.
- Útrýma framandi tegundum sem hafa náð fötfestu á Íslandi.
- Stemma stigu við fjölgun álfra, refa og minka.

### Verndun menningaverðmæta

- Friðlýsa svæði út frá menningarlegum sjónarmiðum, sögulegir staðir með sögulegan bakgrunn auk hugsanlegra fornminja hafa vægi (t.d. Laugavatnsdalur á Mýrum).

### **Ferðapjónusta**

- Dreifa ferðamönnum um landið til þess að minnka álag á fjölförnum stöðum. Jafnvel að koma á stýringu á vinsælum gönguleiðum og áfangastöðum.
- Setja skýrar reglur um umgengni og aðgang ferðamanna að viðkvæmum svæðum. Takmarka e.t.v. aðgang ef með þarf og ákveða hvaða náttúruperlur verða opnar fyrir ferðamenn.
- Flokka áfangastaði eftir mikilvægi m.t.t. uppbyggingar og verndarsjónarmiða.

## Atvinna og orka

### ALMENNAR ÁBENDINGAR OG HUGMYNDIR

#### Orkuvinnsla og sjálfbær nýting orkulinda

- Stefnt verði að nýsköpun í orkudreifingu og vinnslu. Nýta betur þá orku sem við vinnum nú þegar og leggja minni áherslu á virkjanaframkvæmdir.
- Íslendingar stuðli að sjálfbærri nýtingu orku alls staðar í heiminum.
- Sett verði orkustefna sem byggir á raunþörf Íslendinga fyrir orku og atvinnu og ráðast í framkvæmdir samkvæmt því.
- Orka verði unnin á skilgreindum orkuvinnslusvæðum, það er vatnsafl, vindorka, sjávarfallavirkjanir, háhitasvæði og lágheitsvæði.
- Að ekki verði farið inn á óröskuð svæði við uppbyggingu virkjana, einkum vatnsaflsvirkjana.
- Náttúran njóti vafans við orkuvinnslu og gætt verði hófsemi við virkjanaframkvæmdir.
- Nýting náttúruauðlinda verði á grundvelli sjálfbærni, auka nýtingu jarðvarma- og vatnsaflskosta og finna kosti sem spilla ekki náttúru. Nýta landkosti þar sem þeir eru, fyrir atvinnu og orku.
- Hætta að skipuleggja virkjanir.
- Meira fjármagn þarf til að skilgreina og útfæra arðbæra orkuframleiðslu, svo sem vatnsafl og sjávarfallavirkjanir. Ekki ráðast í orkuframleiðslu án þess að sýnt hafi verið fram á að hún sé efnahagslega og samfélagslega hagfelld.

- Bíða með frekari uppbyggingu jarðvarmavirkjana þar sem umhverfisáhrif hafa verið meiri en ætlað var.
- Íslandi verði ekki fórnað vegna útflutnings á orku.
- Lögð verði áhersla á smávirkanir en ekki stórar virkjanir sem valda meiri umhverfistjóni.
- Skoða möguleika á uppbyggingu vindorkubúa og skilgreina hentug svæði fjarri byggð þar sem sjónræn áhrif eru lítil.

#### Orkuflutningur

- Grunnkerfi raforkuflutnings verði hluti af landsskipulagsstefnu.
- Byggja upp hagkvæmt og öruggt raforkukerfi í sátt við náttúru. Atvinna verður ekki fyrir hendi nema þetta sé tryggt.
- Orkuframleiðsla og orkuflutningskerfi taki mið af því að aðstæður skapist fyrir grænt hagkerfi.
- Mikilvægt er að fjallað verði um kerfisáætlun Landnets í landsskipulagsstefnu. Meta þarf umhverfisáhrif áætlunarinnar og hún fari í gegnum svipað ferli og Rammaáætlun og verði á sama hátt bindandi í skipulagsvinnu sveitarfélaga.
- Uppbygging raforkukerfis tryggi á fullnægjandi hátt öryggi í afhendingu orku. Tryggja flutningsöryggi raforku til einstakra landshluta, svo sem Vestfjarða og Austurlands.
- Tryggja orkuöryggi innanlands áður en farið verður að selja orku til útlanda.
- Setja stefnu um að raforkuflutningur verði um jarðstrengi og með sæstrengjum (innanlands og milli landa).
- Háspennustrengir verði í jörð þar sem því verður við komið. Við skipulag á flutningi raforku verði ávallt skoðaðir valkostir um

jarðstreng til samanburðar við loftlínur, sérstaklega á viðkvæmum og/eða verðmætum svæðum.

### Ferðapjónusta

- Setja fram í landskipulagsstefnu stefnu sem eflir sérstöðu Íslands sem ferðamannastaðar.
- Skipleggja ferðapjónustu svo ekki komi til þess að farið verði yfir þol einstakra staða, hvort sem er náttúruleg svæði eða í byggð.
- Auðlindir ferðapjónustunnar verði kortlagðar, hvað það er sem sem dregur fólk að.
- Fjölga áningarstöðum ferðamanna og dreifa þannig álaginu.
- Huga að jákvæðum og neikvæðum áhrifum ferðapjónustunnar á íslenskt samfélag.
- Að ferðamennska og efling innviða vegna hennar bitni ekki á náttúrunni.
- Þróa sjálfbærni í ferðamennsku, svo sem göngu- og hjólaferðir.
- Þolmarkarannsóknir verði unnar á fjölsóttum ferðamannastöðum.
- Skipuleggja snyrtiaðstöðu fyrir ferðamenn og manna þá staði, ekki hægt að ætlast til að einstakir þjónustuaðilar sinni þessum hópi.
- Dreifa ferðamönnum um landið, m.a. með því að hafa fleiri aðkomuleiðir inn í landið, flugvelli og ferjuhafnir.
- Ákveða hvaða náttúruperlur verða fyrir ferðamenn og hvað fær að vera í friði, t.d. með takmörkuðu aðgengi.

### Atvinnulíf og nýsköpun

- Landsskipulagsstefna stuðla að fjölbreytni atvinnulífs.
- Atvinnuuppbygging styðji við byggðir landsins en hún taki jafnframt mið af náttúruverndaráætlun.
- Landsskipulagsstefna móti stefnu um hvernig við umgöngumst auðlindirnar okkar (auðlindastýring).
- Landsskipulag byggi á sérstöðu svæða.
- Áhersla verði á sjálfbæra landnotkun og að atvinnuuppbygging verði í takt við umhverfi og samfélag.
- Íbúar hafi möguleika til þess að nýta auðlindir á sínu svæði umfram aðra.

## SKIPULAG Á MIÐHÁLENDINU

### Orkuvinnsla

- Virkjanir á miðhálandi og láglendi verði á þegar röskuðum svæðum svo sem í Þjórsá, en Hvítá í Árnessýslu og Borgarfirði verði þyrmt.

### Orkuflutningur

- Landsskipulag taki til umfjöllunar raforkuflutninginn í tengslum við skipulag hálandis.
- Dreifikerfi raforku verði um hálandið.
- Fjárfesta í jarðstrengjum þar sem það hentar, svo sem um hálandið. Sprengisandslína verði lögð í jarðstreng milli jökla.
- Lagst er eindregið gegn frekari virkjunum, uppbyggðum vegum og háspennulínum á hálandinu.

- Stefna ætti að því að byggja upp Byggðalínuna frekar en að taka nýtt land á hálendinu undir raflínur. Háspennulínur milli þéttbýlisstaða en ekki yfir hálendið.
- Umhverfisviðmið sem á sér stuðning í raforkulögum gæti hljómað: "Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að því að byggð, atvinnu- og orkuöflunarsvæði séu tengd með traustu orkuflutningskerfi".

### Ferðapjónusta

- Landsskipulagsstefna móti stefnu um að uppbygging ferðapjónustumiðstöðva verði á jaðri miðhálandisins en ekki inn á því.
- Uppbygging gistingar á hálendinu er sumstaðar óhjákvæmileg s.s. á Kili og við Sprengisandsleið sem eykur enn á fjölda ferðamanna og kallar á vegabætur.
- Tryggja aðgengi að jöklum og samræma skiltagerð og upplýsingagjöf á hálendinu.
- Landsskipulagsstefna setji fram stefnu um útfærslu á takmörkun á fjölda ferðamanna innan miðhálandisins (á tilteknum svæðum). Meta þarf þol ferðamannastaða og flokka þá miðað við það.
- Náttúran njóti alltaf vafans. Engin ástæða til að fara út í beina atvinnuuppbyggingu t.d. hótél/miðstöðvar innan hálandisins, nema þá „hráferðamennsku“ þ.e. gönguskála/ svefnpokaþláss.

## BÚSETUMYNSTUR OG DREIFING BYGGÐAR

### Atvinnulíf og nýsköpun

- Í landsskipulagsstefnu verði fjallað um fjölbreytni og nýsköpun í íslensku atvinnulífi.

- Atvinnuuppbygging styðji við byggðir landsins og taki mið af samfélagi og náttúru á hverju svæði.
- Við uppbyggingu atvinnu verði litið til sjálfbærnisjónarmiða, svo sem mikilvægi nálægðar milli heimilis og vinnustaðar.
- Íbúar geti sótt atvinnu í sínu byggðarlagi.
- Styrkja sérstöðu landshluta með tilliti til atvinnuvega. Skilgreina og þróa „atvinnuklasa“ eftir eðli og þekkingu á hverjum stað, t.d. áliðnað í kringum álver.
- Stýra iðnaði á ákveðin svæði innan landshluta og í stað þess að nota skipulag til að staðsetja stóriðju þá ætti að nota það til að útiloka svæði þar sem hún kemur alls ekki til greina.
- Stuðla að þekkingariðnaði í stað orkufreks iðnaðar.
- Leggja áherslu á atvinnusköpun í formi lítt mengandi hátækniiðnaðar, í formi grænna iðngarða svo sem hreinsílikons og koltrefja.
- Nýsköpun taki mið af sjálfbærni og grænu hagkerfi.
- Taka tillit til framtíðaratvinnumöguleika samfélaga og byggða, en ekki gleyma því að land er líka gæði og eign komandi kynslóða.
- Setja ákvæði í skipulag um frágang iðnaðarsvæða, svo þau verði ekki skilin eftir ófrágengin í framtíðinni.

### Þjónusta

- Setja upp tímasetta áætlun um uppbyggingu og landfræðilega dreifingu opinberrar þjónustu og stjórnsýslu.

## SKIPULAG Á HAF OG STRANDSVÆÐUM

### Orkuvinnsla

- Ákveðnir staðir verði skoðaðir með tilliti til nýtingar sjávarfallaorku, svo sem Breiðafjörður, Látrabjarg (við Rauðasand) og Reykjanes.
- Skoða möguleika á sjávarfallavirkjunum og vindorkuverum í Borgarfirði og Mýrum.
- Olíu á að geyma undir hafsbotninum og flýta sér hægt í olíuvinnslumálum. Olíuvinnsla vinnur gegn sjálfbærni og heilbrigðri byggðapróun.

### Orkuflutningur

- Háspennilínur nýjar og endurnýjaðar verði settar í jörð og sæstrengi eins og kostur er.

### Hafnir

- Í landsskipulagsstefnu verði skilgreindar tiltekna hafnir sem taka við stærri skipum, bæði vöruflutninga og skemmtiferðaskipa. Til dæmis á Ísafirði, Húsavík, Seyðisfirði, Reyðarfirði og Vestmannaeyjum.
- Móta stefnu um hvar þjónusta við norðurslóðir verður staðsett.
- Akureyri verði miðstöð norðurslóðasamskipta fyrir Ísland.
- Höfn í Finnfirði fyrir þjónustu við norðurslóðir og/eða stórskipahöfn í Finnfirði vegna norðurslóðasiglinga.
- Óljóst hvort uppbygging á Drekasvæðinu kalli á mikla þjónustu hér á landi – erfitt að ákveða stað fyrir slíkt. Ef tæki á borþöllum bila þá eru þau sótt hvert sem er í heiminum strax ekki í næstu höfn.

### Ferðaþjónusta

- Landsskipulagsstefna móti stefnu um að efla sérstöðu Íslands sem ferðamannastaðar.
- Þolmarkarannsóknir verði unnar á fjölsóttum ferðamannastöðum.
- Auðlindir ferðaþjónustunnar á haf- og strandsvæðum verði kortlagðar.

### Atvinnulíf og nýsköpun

- Landsskipulagsstefna móti framtíðarsýn varðandi samþætta nýtingu haf – og strandsvæða, þar sem ein atvinnugrein útilokar ekki aðra.
- Atvinnuuppbyggingu í dreifbýli byggi á strandmenningu.

### Skipulagsmál og áætlanagerð

- Landsskipulagsstefna verði verkfæri sem stuðlar að sjálfbærni við nýtingu haf- og strandsvæða. Slík stefna verður að grundvallast á góðum gögnum og ef þau eru ekki til þarf að afla þeirra.
- Hafsvæðin við Ísland verði skipulögð með tilliti til nýtingar.
- Núverandi fyrirkomulag í skipulagsmálum getur ekki leitt til lykta uppbyggingu á grunnvirkjum með hagsmunum heildarinnar að leiðarljósi og dæmi um það eru olíuhafnir á norðausturlandi.

### Matvælaframleiðsla

- Landsskipulagsstefna leggi áherslu á að sjávarútvegur og matvælaframleiðsla á Íslandi verði sjálfbær.
- Fiskeldi er mikilvæg atvinnugrein fyrir Vestfirðinga sbr. Nýtingaráætlun Arnarfjarðar.



- Að hægt sé að nýta firðina fyrir vestan til fiskeldis, en vel verði að verki staðið svo sem hvað varðar burðarþol.
- Samræma reglur og skýra verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélag hvað varðar leyfisveitingar fyrir fiskeldi í sjó. Endanlegt ákvörðunarvald verði á einni hendi.

## SKIPULAG LANDNOTKUNAR Í DREIFBÝLI

### Orkuvinnsla

- Landsskipulagsstefna leggi áherslu á að nýttir verði þeir orkukostir sem sátt er um.
- Auka orkuframleiðslu á Vestfjörðum og auka með því afhendingaröryggi orku á svæðinu.
- Huga að gasframleiðslu úr lífrænum úrgangi líkt og gert er í nágranalöndum.
- Marka stefnu um nýtingu vindorku.
- Vindmyllur verði einungis reistar á þeim svæðum sem nú eru í tilraunaframleiðslu við Búrfell. Varað við sjónrænum áhrifum vindmylla.
- Gera ráð fyrir orkuframleiðslu frá vindmyllum á afmörkuðum svæðum á Suðurlandi.
- Vindmyllur verði ekki staðsettar á leiðum fargugla

### Orkuflutningur

- Landsskipulagsstefna taki til umfjöllunar raforkuflutning í tengslum við skipulagsmál í dreifbýli.

- Styrkja raforkukerfið og leggja áherslu á að byggja upp Byggðalínu, blönduð leið loftlína og jarðstrengja.
- Að boðið verði upp á þriggja fasa rafmagn allstaðar í dreifbýli.
- Á hersla verði lögð á Byggðalínu (hringtengingu) en ekki tengingu yfir hálendið þar sem áhersla verði á öflugna tengingu á jaðarsvæðum sem og stærri þéttbýlisstöðum.

### Efnistaka

- Kortleggja jarðefni á landsvísu og við gerð aðalskipulags verði lagt mat á þörf fyrir efnisnám og hvar jarðefna verður aflað.

### Ferðaþjónusta

- Í landsskipulagsstefnu verði skilgreindir vaxtarkjarnar ferðaþjónustu við hringveginn, svo sem Grímsstaðir á fjöllum, Hornafjörður, Skaftafelli og Vík.
- Þróa sjálfbærni í ferðamennsku í dreifbýli, svo sem göngu- og hjólaferðir.
- Kanna þolmörk allra fjölfarinna ferðamannastaða með það að markmiði að viðhalda og auka jákvæða upplifunar ferðamanna, svo sem við Suðurströndina og á Suðurnesjum.
- Auka grunnþjónustu hins opinbera og styrkja grunngerð til að bregðast við aukningu í ferðaþjónustu.

### Atvinnulíf og nýsköpun

- Í landsskipulagsstefnu verði að finna auðlindakort sem sýnir helstu tækifæri til atvinnuuppbyggingar á landsbyggðinni.
- Nýsköpun atvinnulífs í dreifbýli taki mið af sjálfbærni og grænu hagkerfi.

### Landbúnaðarland og matvælaframleiðsla

- Landsskipulagsstefna móti stefnu um að verðmætt landbúnaðarland fyrir matvælaframleiðslu verði varðveitt.
- Sett verði viðmið um verndun landbúnaðarlands og hvað telst gott landbúnaðarland til matvælaframleiðslu.
- Mikilvægt að vernda gott ræktarland.
- Leggja áherslu á matvælaframleiðslu nærri markaði.
- Stuðla að grænum landbúnaði á grunni þekkingar svo sem í Borgarfirði.
- Sérstöðu íslensks landbúnaðar verði viðhaldið og lausaganga búfjár áfram heimil.
- Orka lághitasvæða verði nýtt í ylrækt.
- Efla ræktun á grænmeti innanlands og nýta til þess niðurgreidda raforku.
- Leggja áherslu á akuryrkju þar sem skilyrði eru góð.

### Skógrækt

- Í landsskipulagsstefnu verði litið til margvíslegs gildis skógræktar í skipulagi, svo sem til landbóta og landgræðslu, til útivistar og bæta búsetuskilyrði, í tengslum við landbúnað og sem innviður fyrir iðnaðarframleiðslu.
- Litið verði til skógræktar í tengslum við atvinnusköpun í dreifbýli.
- Íslensk skógrækt verði stunduð með með íslenskum tegundum.
- Leggja áherslu á skógrækt þar sem eru góð skilyrði til skógræktar, til dæmis í Eyjafirði og Suðurlandi.

## Samgöngur og fjarskipti

### ALMENNAR ÁBENDINGAR OG HUGMYNDIR

#### Almenningssamgöngur

- Í landsskipulagsstefnu verði sett fram stefna um forgangsröð í samgöngumálum.
- Styrkja almenningssamgöngur og gera mönnum kleift að ferðast um landið án þess að vera í bíl.
- Bættar almenningssamgöngur á þjóðvegi 1 og gera net hjólreiðaleiða.
- Heilstæðar almenningssamgöngur um allt land og áhersla á flugsamgöngur til allra landshluta.

#### Vegasamgöngur

- Landsskipulagsstefna leggi áherslu á að tryggðar verði góðar vegasamgöngur um allt land allt árið.
- Haldið verði áfram að byggja upp hringveginn samkvæmt ströngustu stöðlum um öryggi og tækni.
- Efla vegakerfið á öllu landinu með sérstakri áherslu á jarðgöng. Fjarðarheiðargöng verði nr. 1, þar sem vegurinn liggur til Evrópu.
- Lögð verði áhersla á uppbyggingu heilsárs vegasamgangna á Vestfjörðum, nýr hringvegur verði gerður um Vestfirði (hringvegur nr. 2) og gert ráð fyrir jarðgöngum.
- Athuga vel forsendur áður en ráðist er í dýr samgöngumannvirki sbr. litla nýtingu Suðurstrandarvegar.
- Vegakerfið er gott- nýta það (etv. stytta þó hringveginn framhjá Blönduósi)

- Tvöfalda vegi á álagsstöðum og búa til útskot.
- Skoða hættu af ferðamönnum í umferðinni.
- Draga úr þverunum fjarða með uppfyllingum við vegalagnir – varasamt fyrir náttúruna.
- Horft verði til þjónustustigs varðandi vegagerð.
- Byggja upp net frístundastíga (hjóla-/reið-/göngustíga) m.a. um gamlar þjóðleiðir til að auka lífsgæði íbúa og auka möguleika á umhverfisvænni ferðaþjónustu.
- Bæta hjólasamgöngur í kringum landið og bæta öryggi hjólreiðamann við hringvegin en stækkandi hópur ferðamanna ferðast á hjólum.
- Vegagerðin vinni í meiri sátt við umhverfi og mannlíf hvað varðar hönnun.
- Auka og bæta merkingar á vegum og á ferðamannastöðum.
- Stefna að vegum um láglandið, t.d. um Bröttubrekku, um Dali, yfir Laxárdalsheiði og yfir í Hrutafjörð við Reyki.
- Lögð verði áhersla á styttingu leiða í vegakerfinu, svo sem með jarðgöngum, hálendisvegum og ferjusiglingum. Dæmi Sundabraut, Kjalvegur og stytting hringvegar í Húnavatnssýslu.

#### Siglingar

- Nýta þá fjárfestingu sem er í hafnarmannvirkjum og efla strandflutninga.
- Taka hafnir sterkar inn í skipulag og lita á hafnir sem innviði til jafns við aðra innviði eins og vegi og flugvelli.
- Stefnumörkun fyrir hafnir ásamt aðal flutningaleiðum til og frá höfnum

### Flugsamgöngur

- Landsskipulagsstefna móti stefnu um að efla innanlandsflug sem grunn að almenningssamgöngum á landsbyggðinni.
- Flugvellir verði hluti af almenningssamgöngukerfi landsins.
- Flugvöllur fyrir innanlandsflug verði á eða nærri höfuðborgarsvæðinu.
- Reykjavíkflugvöllur þjónar best landsbyggðinni miðað við núverandi staðsetningu.
- Vinna að því að nýta betur fjarfestinguna í núverandi alþjóðaflugvöllum, taka erlenda ferðamenn inn víðar svo sem á Vestfjörðum

### Fjarskipti

- Í landsskipulagsstefnu verði lögð áhersla á uppbyggingu nútíma fjarskiptanets fyrir alla landsmenn.
- Mikilvægt er að fjarskiptasamband sé óslitið á þjóðvegi 1 vegna öryggissjónarmiða.
- Huga að því hvort einhver svæði t.d. Hornstrandir skuli vera fjarskiptalaus, þ.e. án slíkra mannvirkja.
- Styrkja uppbyggingu fjarskiptastaða, en huga jafnframt að náttúrverndarsjónarmiðum við uppbyggingu og rekstur fjarskiptamannvirkja.
- Vanda allan frágang og velja staði mannvirkja með tilliti til þess að þau falli vel að landi.
- Efla viðskiptaumhverfi netþjónabúa og tengdrar starfsemi.
- Tryggja örugg fjarskipti t.d. þegar um er að ræða langtíma rafmagnsleysi (þá detta GSM sendar út).

### Skipulagsmál og áætlanagerð

- Landsskipulagsstefna skilgreini þrjár megin gáttir inni landið frá útlöndum, Keflavík, Akureyri og Seyðisfjörður.
- Góð fjarskipti verði lögð að jöfnu við góðar vegasamgöngur, til þess að styðja við þróun fjölbreyttra samfélaga um landið allt.
- Lágmarka jarðefnaeldsneytisnotkun og stefna að því að samgöngur verði sjálfbærar.
- Í landsskipulagsstefnu verði skilgreind aðferð til að leysa úr ágreiningsmálum um skipulag, sérstaklega um ákvarðanir um grunngerð.
- Uppbygging samgangna og fjarskipa verði liður í sameiningu sveitarfélaga.

## SKIPULAG Á MIÐHÁLENDI ÍSLANDS

### Vegasamgöngur

- Í landsskipulagsstefnu verði mótuð stefna um að efla samgöngur á miðhálandinu. Byggðir verði vegir á miðhálandinu fyrir bílaumferð, hjólandi, ríðandi og að slóðar þoli betur umferð og opni fyrr á vorin.
- Byggðir verði sumarvegir yfir hálandið, lágtóna mannvirki.
- Samgöngumannvirki á miðhálandinu verði í lágmarki og falli vel að landi.
- Stýra umferð á hálandinu.
- Skilgreint verði net gönguleiða fyrir allt miðhálandið.
- Göngu-, hjóla- og reiðleiðir á hálandinu og á láglandi verði samhæfðar og samræmdar milli sveitarfélaga og landshluta.

- Bæta aðgengi að ferðamannastöðum á miðhálandinu.
- Samgöngur á hálandinu verði eftir skilgreindum slóðum, þeim haldið opnum og aðgengi ekki heft en háð reglum og eftirliti.
- Gerðir verði uppbyggðir hálandisvegir með bundnu slitlagi sem væru opnir sex til átta mánuði á ári, svo sem um Arnarvatnsheiði, Kjalveg og Sprengisandsleið.
- Vondum vegum á miðhálandinu verði viðhaldið þar sem það er hluti af upplifun ferðamanna af svæðinu.
- Beina uppbyggingu vegasamgangna að þjóðvegi 1, ekki um hálendið.
- Stytta leið milli Reykjavíkur og Akureyrar eins og kostur er svo sem með heilsársvegi yfir Kjöl, en stytting hringvegarins verði á grundvelli heildarhagsmuna.
- Lagðir verði vegir um hálendið, Sprengisandsleið, Kjölur og tenging á Austurland fyrir norðan Vatnajökul.
- Hálandisveg með bundnu slitlagi, en ekki endilega mikið uppbyggðan, annaðhvort um Kjöl eða Sprengisand sem sumarleiðir og haldið opnum eins lengi og mögulegt er.
- Vegtenging um hálendið til Austurlands norðan Vatnajökuls er óraunhæf.
- Byggður verði heilsársvegur yfir Kaldadal og Uxahryggi.

### Flugsamgöngur

- Efla flugsamgöngur á milli höfuðborgarsvæðis og Austurlands til að auðvelda aðgengi að friðlýstum svæðum við Vatnajökul.

## BÚSETUMYNSTUR OG DREIFING BYGGÐAR

### Almenningssamgöngur

- Í landsskipulagsstefnu verði lögð áhersla á að efla byggðarlög með góðum almenningssamgöngum á landi, lofti og legi þar sem nýtt er græn orka.
- Stefnt verði að almenningssamgöngukerfi (t.d. lestarkerfi) á höfuðborgarsvæðinu sem geri ráð fyrir að umferð beinist að fáum stoppistöðvum, sem minni leiðir greinist svo út frá.
- Lágmarka notkun á jarðefnaeldsneyti í samgöngum og stefnt verði að því að samgöngur verði sjálfbærar.
- Gert verði ráð fyrir lestarsamgöngum, t.d. milli Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar og jafnframt skoðað hvort lestir geti tekið við vöruflutningum.

### Vegasamgöngur

- Í landsskipulagsstefnu verði áhersla á uppbyggingu vegakerfisins á láglandi og að þjóðvegakerfið tengi betur byggðirnar saman.
- Áhersla á greiðfæran hringveg og tengingu hans við Vestfirði.
- Öflugt net samgangna þvert á sveitarfélög m.a. fyrir ferðamenn og samfelldar hjólaleiðir hringinn í kringum landið.
- Styrkja samgöngur innan atvinnusvæða.
- Hringvegur verði í framtíðinni utan þéttbýliskjarna.
- Áhersla verði á að tengja byggðir saman með vegasamgöngum, bakland og kjarnana, í stað þess að þess að tengja bara saman kjarnana.
- Draga úr uppbyggingu vega á höfuðborgarsvæðinu og nota fjármagnið í almenningssamgöngur.

- Sundabraut verði sett í framkvæmd.
- Búa til göng á milli sunnanverðs og norðanverðs Snæfellsness um Lýsuskarð, eitt atvinnusvæði.
- Tengja Upphérað, Seyðisfjörð og Fjarðabyggð með göngum.
- Samgöngur verði bættar þar sem landslag veldur þröskuldum í vegakerfinu til að tengja þéttbýlisstaði og landshluta
- Byggðahagsmunir séu virtir við áætlanagerð í samgöngumálum til dæmis vegagerð í Teigsskógi í Barðastrandasýslu þar sem þarfir byggðarinnar virtust mæta afgangi.
- Heilsársmokstur verð á þjóðvegum í byggð.

#### Hjólreiðar

- Í landsskipulagsstefnu verði mótuð stefna um hvernig nálægir þéttbýlisstaðir verða tengdir saman með hjólreiðabrautum.
- Fjallað verði um samgöngumannvirki fyrir hjólreiðar í skipulagi, bæði í þéttbýli og dreifbýli.
- Skilgreina hversu langt út frá þéttbýli hjólreiðabrautir skuli ná og hver lágmarksstærð þéttbýlisstaðar skal vera til að þessar reglur eigi við.
- Samræma útlit og skipulag mannvirkja fyrir hjólreiðar svo sama kerfi sé notað um allt landið.
- Gefa leiðbeiningar um hvernig hjólreiðabrautir skulu liggja um gatnamót, hvernig einfalda má gatnamót.
- Leita verði til samtaka hjólreiðafólks eftir hugmyndum og athugasemdum um landsskipulagsstefnu.

#### Flugsamgöngur

- Í landsskipulagsstefnu verði lögð áhersla á að tryggja flugsamgöngur á milli stærstu þéttbýlisstaða og tryggja neyðarflug/sjúkraflug á ákveðna staði.
- Vatnsmýri verði miðstöð innanlandsflugs á Íslandi.
- Skilgreindur verði flugvöllur fyrir innanlandsflug á höfuðborgarsvæðinu.
- Landsskipulagsstefna taki mið af því að innanlandsflug mun að lokum flytjast til Keflavíkur.
- Miðstöð innanlandsflugs sem næst Reykjavík og Landspítala, en Keflavík kemur til greina, með bættum samgöngum (t.d. lest) til Reykjavíkur og hugsanlega efldu sjúkrahúsi í Keflavík.
- Lögð verði áhersla á innanlandsflug til Akureyrar og Egilsstaða.
- Kanna hvort það styrkir ferðaþjónustu að flytja innanlandsflugið til Keflavíkur.

#### Fjarskipti

- Í landsskipulagsstefnu verði lögð áhersla á að ljósleiðaravæða allar byggðir landsins.
- Sameina dreifikerfi GSM 3G/4G og jafna samkeppni á milli dreif- og þéttbýlis, tryggja öflugt fjarskiptanet og háhraðanettengingar um allt land.
- Allir landsmenn hafi aðgang að ljósleiðaraneti.
- Öflug fjarskipti eru nauðsynleg vexti alls atvinnulífs.

## SKIPULAG HAF- OG STRANDSVÆÐA

### Hafnir og siglingar

- Í landsskipulagsstefnu verði skoðaðir möguleikar á að auka strandsiglingar, m.a. til að léttja þungaflutningum af vegakerfinu.
- Hvati verði til þess að fleiri hafnarsamlög verði stofnuð.
- Landsskipulagsstefna marki stefnu um stórskipahafnir á landsvísu.
- Varast að skipuleggja starfsemi sem getur torvelað starfsemi hafna og siglinga.
- Útflutningshöfn verði byggð upp á Austurlandi.
- Hugað verði að vistvænu eldsneyti á skipaflotann.
- Byggð verði stórskipahöfn við Suðurströndina í Þorlákshöfn og einnig í Vestmannaeyjum.
- Byggðar verði stórskipahafnir í Finnafirði og Reyðarfirði.
- Vopnaflutningar yfir landinu og á sjó verði ekki leyfðir.
- Byggja upp hafnaraðstöðu á þeim stöðum þar sem útgerð smábáta er að aukast.
- Strandsiglingar geta líka nýst ferðamönnum.

## SKIPULAG LANDNOTKUNAR Í DREIFBÝLI

### Fjarskipti

- Í landsskipulagsstefnu verði afmörkuð einstök svæði þar sem ekki er krafist fjarskipta- og samgöngumannvirkja til dæmis á Hornströndum.
- Dreifbýlið verði ljósleiðaravætt.

- Fjarskipti á láglandi hamli ekki mögulegri atvinnuuppbyggingu.

### Vegasamgöngur

- Í landsskipulagsstefnu verði lögð áhersla á að byggðar verði hjólaleiðir meðfram þjóðvegum.
- Tryggja aðgang íbúa í dreifbýli að grunnþjónustu svo þeir þurfi ekki að fara yfir fjallvegi.
- Búa til og markaðssetja nýjan “Gullinn” hringveg fyrir ferðamenn, t.d. Krýsuvík – Suðurstrandarveg, Þrengsli.